

Sþ.

546. Tillaga til þingsályktunar

[275. mál]

um Djúpveg í Ísafjarðardjúpi.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka framkvæmdalán til að ljúka við lagningu Djúpvegar í Ísafjarðardjúpi fyrir árslok 1973, þannig að hringvegur fáiast um Vestfirði.

Greinargerð.

Eins og flestum mun kunnugt, var Vestfjarðaáætlunin svonefnda fyrsta skipulagða byggðapróunaráætlunin, sem gerð hefur verið á Íslandi.

Fyrsti þáttur hennar var um samgöngumál, sem byggðist á því að bæta samgöngur innan Vestfjarða með því að tengja önnur byggðarlög við svokallaða byggðarkjarna og hins vegar að bæta samgöngur milli Vestfjarða og annarra landshluta. Þá var talið sennilegt, að farþegaflutningar milli Vestfjarða og annarra landshluta mundu að mestu leyti fara fram um flugvelli á Ísafirði og Patreksfirði, en vöruflutningar færu hins vegar að mestu leyti fram á sjó, fyrst og fremst með reglubundnum siglingum til byggðarkjarnanna, en á því síðast talda hefur orðið mikill misbrestur og er enn þá óleyst vandamál. Þessi samgönguáætlun náði ekki nema yfir hluta Vestfjarða, en samt má segja, að það, sem búið er að framkvæma, hafi orðið ákveðin lyftistöng, enda eru góðar samgöngur alger forsenda atvinnulegrar og félagslegrar uppbyggingar í okkar þjóðfélagi. Vegna þessara framkvæmda hefur endanleg lagning Djúpvegar við Ísafjarðardjúp dregið úr hófi fram. Nú er talið, að ekki vanti nema um 50 km vegarlagningu úr Hestfirði yfir í Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi, en þegar þeim vegarkafli er lokið, verður hægt að aka hringveg um Vestfirði.

Af eðlilegum ástæðum er gífurlegur áhugi Norður-Ísfirðinga á, að þessum framkvæmdum verði hraðað sem allra mest. Eftirfarandi samþykkt var gerð: „Sam-eiginlegur fundur sveitarstjórnarmanna í N.-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, haldinn í Hnífsdal 8. júní 1968, fagnar þeim samgöngubótum, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum og nú er unnið við að fullgera. Telur fundurinn, að næsta stórátak í vegagerð á Vestfjörðum sé lagning Djúpvegar, er tengi byggðir á norðanverðum Vestfjörðum lengur en nú við akvegakerfi landsins. Gerð verði áætlun um að ljúka Djúpvegi þegar á næsta tímabili vegáætlunar og verði lán tekin til framkvæmda, ef þörf krefur, enda telur fundurinn, að lagning Djúpvegar hafi meginþýðingu fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum.“

Á fundi Fjórðungsþings Vestfjarða, sem haldinn var 19. júlí 1970 að Bjarkarlundi, var gerð samþykkt um samgöngumál almennt. Í þeirri samþykkt stendur: „Einnig ber að ljúka sem fyrst við veginn vestan við Ísafjarðardjúp.“

Það vantar aðeins herzlumuninn til að ljúka við lagningu Djúpvegar, og þegar hann verður orðinn að veruleika, mun meginumferð frá Ísafirði og N.-Ísafjarðarsýslu beinast um þann veg, því að á þessari leið er í raun og veru aðeins um einn fjallveg að ræða, en það er Þorskafjarðarheiði. Það má minna á það hér, að Vestfirðingar hafa lagt drjúgan skerf í þjóðarhúsið, og þess vegna er full ástæða til, að framkvæmdum við Djúpveg verði hraðað eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari.